

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 17. mars 2015  
UST201502-500/B.S.

### Efni: Borholur í Botnsdal í Súgandafirði. Umsögn


Vísað er til bréfs Ísafjarðarbæjar dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn þar sem sótt er um leyfi fyrir þremur borholum fremst í Botnsdal. Ein þessara hola er innan svæðis nr. 315 á náttúruminjaskrá.


Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera : „*Fjölbreytt landslag, gil, ár og fossar. Sérstætt gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra steingerðra plöntuleifa, meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis.*“

Talið er að vatnstaka úr borholunni gæti haft neikvæð áhrif á rennslið í Lindarfossinum þegar grunnvatnsstaðan er lægst. „*Vegna fjarlægðar borhola þá mun dæling úr borholum í Botnsdal ekki valda það miklum niðurdrætti á grunnvatnsborð að það hafi umtalsverð áhrif á rennsli í Lindarfossinum.*“

Eins og fram kemur í bréfi Ísafjarðarbæjar hefur sveitarfélagið lagst gegn borun tveggja hola og vatnstöku á vatnsverndarsvæði Ísafjarðar. Umhverfisstofnun telur að til þess að geta tekið afstöðu til framkvæmdarinnar þurfi að gera grein fyrir því hvort umrædd framkvæmd muni taka breytingum í ljósi þess að ekki verður af borun þessara hola innan vatnsverndarsvæðis Ísafjarðar, sem kalla myndi á aukna vatnstöku úr holu innan svæðis nr. 315 á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

